

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í Norðurþingi.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs í Norðurþingi til þess að standa undir kostnaði við sorphirðu, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli, íbúðarhús utan þéttbýlis eða lögbýli, greiði húseigandi þjónustugjald: kr. 56.723.
- B. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.) greiðist þjónustugjald sem nemur 50% af fullu sorphirðugjaldi. Hálf gjald nemur kr. 28.361.
Sumarhúsaeigendur fá klippikort og aðgang að gámasvæðum.

2. gr.

- A. Rúmmál íláta og tíðni losana:

Húsavík:		
Grá tunna	240 l	21 dagur milli losana (3 vikur), 17,5 skipti.
Brún tunna	120 l	21 dagur milli losana í 32 vikur.
		14 dagar milli losana í 20 vikur, 20,5 skipti.
Græn tunna	240 l	21 dagur milli losana (3 vikur), 17,5 skipti.
Reykjahverfi:		
Grá tunna	660 l	42 dagar milli losana (6 vikur), 8,7 skipti.
Brún tunna	120 l	21 dagur milli losana í 32 vikur.
		14 dagar milli losana í 20 vikur, 20,5 skipti.
Græn tunna	660 l	42 dagar milli losana (6 vikur), 8,7 skipti.
Kópasker og Raufarhöfn:		
Eigin tunnur	Ruslapokar	14 dagar milli losana (2 vikur), 26,9 skipti.
Græn tunna	240 l	28 dagar milli losana (4 vikur), 13,4 skipti.
Blá tunna	240 l	28 dagar milli losana (4 vikur), 13,4 skipti.
Kelduhverfi, Öxarfjörður og Melrakkaslétta:		
Aðgangur að gámasvæðum		
Græn tunna	240 l	28 dagar milli losana (4 vikur), 13,4 skipti.
Blá tunna	240 l	28 dagar milli losana (4 vikur), 13,4 skipti.

- B. Greiðendur sorphirðugjalda geta óskað eftir stækkun íláta gegn viðbótargjaldi.

3. gr.

Gjöld fyrir meðhöndlun og urðun úrgangs samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjöldin eru tryggð með lögveðrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Í sorpstöð er notast við klippikort sem veitir aðgang að sorpstöð og nær yfir allan gjaldskyldan úrgang.

Innifalið í þjónustugjaldi er klippikort sem veitir heimild til að losa allt að 400 kg á ári, skipt niður í 20 losanir eða „klipp“.

Þjónustuaðili býður upp á viðbótarklippikort í þeim tilfellum sem klippikort innifalin í þjónustugjaldi eru að fullu nýtt. Verð á viðbótarklippikorti er skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

Fyrirtæki greiða fyrir þjónustu í samræmi við gjaldskrá þjónustuaðila.

5. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Ekki er tekið gjaldfrjálst á móti dýrahæjum, en hægt er að framvísa klippikorti í þeim tilfellum eins og þegar um annan gjaldskyldan úrgang er að ræða.

Starfsmaður þjónustuaðila aðstoðar við að flokka úrgang að fenginni lýsingu úrgangshafa.

Losendur úrgangs eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldskylds úrgangs. Framvísun klippikorts er ígildi greiðslu.

6. gr.

Sveitarfélagið Norðurþing rekur urðunarstað á Kópaskeri þar sem heimilt er að urða úrgang sem á uppruna sinn á Kópaskeri, Raufarhöfn eða í dreifbýli í nágrenni þeirra. Heimilt er að taka við úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki undir spilliefni samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Sveitarfélagið Norðurþing rekur urðunarstað í Laugardal við Húsavík þar sem heimilt er að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og telst til óvirks úrgangs, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Tekið er gjald fyrir móttöku sorps til urðunar sem ætlað er að standa undir rekstri urðunarstaða.

7. gr.

Gjald fyrir urðun úrgangs á urðunarstöðum í rekstri Norðurþings:

Kópasker

Allir flokkar sem er heimilt að urða 11,28 kr./kg (auk vsk ef við á).

8. gr.

Skipulags- og framkvæmdaráði Norðurþings er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

9. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá gjaldanda án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

10. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af skipulags- og framkvæmdaráði og staðfest í sveitarstjórn Norðurþings þann 19. janúar 2021, með stoð í 13. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi, nr. 646/2017, sbr. 43. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Gjaldskrá þessi tekur gildi 4. febrúar 2021. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í Norðurþingi sem samþykkt var í sveitarstjórn 4. desember 2019 en óbirt.

Norðurþing, 19. janúar 2021.

Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri.